

Stjórnarfundur nr. 777 haldinn í Búgarði 10. janúar 2018. Kl. 20:00. Mætt eru: Bjarnveig (í síma), Sigurður, Þorgerður, Einar og Ásdís. Forföll boðuðu Sigrún, Björgvin, Guðrún og Elvar.

1. Fundur settur. Bjarnveig setti fund kl. 20:05.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Innsend bréf.
 - a) Bréf frá UMFÍ – fundarboð – hver er okkar afstaða til aðildar íþróttabandalaga að UMFÍ. Stjórn er almennt hlynnt því að samþykkja þessa inngöngu. Ásdís framkvæmdastjóri sækir fundinn fyrir hönd UMSE.

4. Styrkumsóknir.

Engar styrkumsóknir til að taka fyrir.

5. Íþróttamaður UMSE

- a) Íþróttamaður ársins verður 18.jan. kl. 18 á Hótel Natur Þórisstöðum – viðurkenningar fyrir góðan árangur – hvað skal kaupa.
- b) Búið er að bóka Hótel Natur undir viðburðinn. Leiga er 0 kr. styrkur frá Hótel Natur.- Kjörinu verður lýst fimmtudaginn 18. janúar kl. 18:00.
- c) Veitingar. Búið að ganga frá því við kvenfélagið á Svalbarðsströnd að vera með veitingar.
- d) Styrkumsókn vegna viðburðarins hefur verið send Svalbarðsstrandarhreppi.
- e) Búið að senda bréf til aðildarfélaga vegna íþróttarárangurs á árinu 2017 þar sem óskað er eftir upplýsingum um árangur á árinu 2017 vegna veitinga viðurkenninga samhliða kjöri íþróttamanns UMSE.
- f) Viðurkenningar vegna afreka. Ákveðið að kaupa bandvefsrúllur og rósir og gefa sem viðurkenningar.
- g) Ákveða hver fær styrkinn fyrir barna og unglिंगastarf. Ákveðið að veita Hestamannafélaginu Hring viðurkenningu fyrir barna- og unglिंगastarf.

6. Önnur mál.

a) Hugmynd frá framkvæmdastjóra að vera með starfsdag/a hjá UMSE með stjórnnum félaga og starfsdag þjálfara. Rætt um að kasta þessari hugmynd fram á formannafundi.

b) Merkingar á galla. Sigurður ræddi um gallamálin, Umf. Samherjar hafa pantað galla þar sem UMSE merkið er á vinstri öxl og merki félags á vinstra brjósti.

c) Ársþingið 15. mars. Framkvæmdastjóri ætlar að hafa samband við formann Umf. Samherja og falast eftir því hvort félagið geti haldið þingið með UMSE í Laugaborg eða á Hrafnagili.

d) Formannafundurinn 25. janúar. Verður haldinn í fundarherberginu í Búgarði. Rætt um hvort þyrfti að ræða einhver sérstök mál á fundinum.

e) Guðmundur Steindórsson er langt kominn með skráningu eldri gagna. Guðmundir ætlar að koma gögnunum upp á Amtsbókasafn.

f) Rætt um að senda út pósta á stjórnarmenn aðildarféлага en ekki bara formenn til að auka upplýsingaflæðið.

g) Rætt um að kalla eftir starfsskýrslum félaga fyrir 20. febrúar til að vera tímanlega með starfsskýrsluna.

7. Tilhögun næsta fundar. Næsti stjórnarfundur ákveðinn kl. 18:00 fimmtudaginn 8. febrúar. Guðrún kemur með veitingar.

8. Fundarslit. Bjarnveig sleit fundi kl. 21.15.

Fundargerð ritaði Einar Hafliðason.